



Tímabundin starfsemi fjármálafyrirtækja

1. 3. 2015

Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánaþyrirtæki hafa náð góðum árangri í að fækka eignarhlutum í fyrirtækjum með starfsemi sem fellur ekki undir almennar starfsheimildir þeirra og sem þeim er einungis heimilt að stunda tímabundið. Frá miðju ári 2011 hefur tímabundinni starfsemi af þessu tagi verið lokið í 185 fyrirtækjum.

Fjármálafyrirtækjum er heimilt samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki að stunda tímabundið starfsemi í óskyldum rekstri í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila. Er fjármálafyrirtæki tekur yfir eignarhluti í fyrirtæki eða telst vera að stunda tímabundna starfsemi að öðru leyti, t.d. með atkvæðarétti eða stjórnarsetu, skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu.

Í júní 2010 kom inn í lög ákvæði er takmarkaði heimildir fjármálafyrirtækja til að stunda tímabundna starfsemi við 12 mánuði, sbr. lög nr. 75/2010 um breytingar á lögum nr. 161/2002. Vari starfsemin lengur en í 12 mánuði getur Fjármálaeftirlitið framlengt tímafrestinn á grundvelli rökstuddrar umsóknar frá fjármálafyrirtæki.

Miðað við stöðuna 1. mars síðastliðinn, sbr. töflu 1 hér að neðan, eiga fjármálafyrirtæki hluti í 41 félagi í tímabundinni starfsemi. Félög sem fjármálafyrirtæki eiga minna en 10% eignarhlut í eru ekki meðtalin í þessari samantekt. Þá er vert að geta þess að mörg félög, sem eru að fullu í eigu fjármálafyrirtækja, eru aðeins eignarhald utanum minni eignarhluti í öðrum félögum, bæði innlendum sem og erlendum. Af umræddum fjölda félaga eru 21 félag í yfir 40% eignarhaldi fjármálafyrirtækis, í 15 félögum er eignarhaldið á bilinu 20-40% og í 5 félögum er eignarhaldið 10-20%.

Tafla 1. Fjöldi eignahluta fjármálafyrirtækja í tímabundinni starfsemi fjármálafyrirtækja sundurliðaðir eftir stærð eignarhlutar og tegund frests

Fjöldi eignahluta fjármálafyrirtækja í tímabundinni starfsemi fjármálafyrirtækja													
Veittir frestir	nóv.11	1. september 2012			1. september 2013				1. mars 2015				
		Alls	10-20%	20-40%	40-100%	Alls	10-20%	20-40%	40-100%	Alls	10-20%	20-40%	40-100%
Stærð eignarhlutar													
Félög með umsókn í skoðun hjá FME	0	1	5	2	8	0	0	0	0	0	0	0	0
Félög í endurskipulagningarferli	27	0	1	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0
Félög í söluferli	14	4	17	31	52	4	17	30	51	4	12	13	29
Félög í slitaferli	33	4	3	15	22	2	4	11	17	1	1	8	10
Samtals fjöldi veittra fresta	74	9	26	48	83	6	21	41	68	5	13	21	39
Félög innan upphaflegra tímamarka	58		3	9	12			4	4		2		2
Samtals fjöldi félaga	132	9	29	57	95	6	21	45	72	5	15	21	41

Af 41 félagi sem fjármálafyrirtæki eiga, og flokkast sem tímabundin starfsemi, hafa 39 umsóknir um aukinn frest verið afgreiddar. Eignarhald í 2 félögum enn innan þeirra 12 mánaða tímamarka sem lögin gera ráð fyrir.

Fjármálaeftirlitið hefur í 29 tilvikum einungis gefið aukinn frest til að ljúka sölu en ekki gefið aukinn frest til eignarhalds. Að auki hefur Fjármálaeftirlitið veitt frest til að ljúka




FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

slitum á 10 félögum. Þann 1. mars sl. var ekkert fjármálafyrirtæki með aukinn frest til að endurskipuleggja starfsemi félags á grundvelli þess að það væri ekki í söluhæfu ástandi. Í flestum tilfellum hefur verið óskað eftir lengri fresti en eftirlitið hefur veitt.

Þegar fjöldi eignarhluta fjármálafyrirtækja í félögum í tímabundinni starfsemi þann 1. mars síðastliðinn er borinn saman við fjölda þeirra 1. nóvember 2011 má sjá að þeim hefur fækkað um 91 félag en á sama tímabili hafa 89 félög verið tilkynnt sem tímabundin starfsemi. Á tímabilinu frá 1. nóvember 2011 til 1. mars 2015 hefur því verið lokið starfsemi í samtals 180 félögum undir tímabundinni starfsemi fjármálafyrirtækja. Ef þróun síðustu 18 mánaða er skoðuð má sjá að félögum í tímabundinni starfsemi hefur fækkað um 31 auk þess sem 13 félög voru tilkynnt sem tímabundin starfsemi. Starfsemi í alls 44 félögum hefur þannig verið lokið frá 1. september 2013 eða alls um 61% af fjölda þeirra þá.

Mynd 1. Tímabundin starfsemi fjármálafyrirtækja




Á mynd 1 má sjá að frá því að takmarkandi ákvæði laga nr. 75/2010 um eignarhald í félögum, sem flokkast sem tímabundin starfsemi fjármálafyrirtækja, tók gildi hefur slíku eignarhaldi hjá alls 185 félögum verið lokið af alls 226 félögum sem tilkynnt hafa verið til Fjármálaeftirlitsins. Þó enn séu 39 félög á auknum fresti og 2 félög á upphaflegum 12 mánaða fresti má greina jákvæða þróun í eignarhaldi fjármálafyrirtækja á félögum í tímabundinni starfsemi. Nú flokkast til dæmis ekkert félag undir það að vera í endurskipulagningarferli, tilkynningum um tímabundna starfsemi fjármálafyrirtækja hefur fækkað og vel hefur gengið að ljúka tímabundinni starfsemi fyrirtækja og slíta rekstri þeirra þegar aðstæður hafa leyft. Fjármálaeftirlitið hefur þrýst á fjármálafyrirtæki að ljúka tímabundinni starfsemi, m.a. þegar um hefur verið að ræða söluhæfar eignir, en þann 1. mars síðastliðinn hafði starfsemi 82% af tilkynntri tímabundinni starfsemi fjármálafyrirtækja verið lokið.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Mynd 2. Tímabundin starfsemi fjármálafyrirtækja með aukinn frest 1. mars 2015



Á mynd 2 má sjá flokkun á þeim félögum í tímabundinni starfsemi sem hafa fengið aukinn frest. Af þeim 39 félögum eru 8 félög í fasteignatengdri starfsemi. Undir þennan flokk falla ólík félög sem eru af mismunandi stærð og gerð en um er að ræða fasteignafélög, félög um einstakar fasteignir og fasteignapróunarfélög. Nokkuð er um að slík félög haldi aðeins á einni fasteign, lóðum eða að um sé að ræða þróunarverkefni sem hafa ekki hafist af alvöru. Félög með starfsemi erlendis eru alls 10. Þetta eru félög sem eru nær eingöngu með starfsemi eða eignir í sölumeðferð erlendis. Tóm félög og félög í slitaferli eru 10 talsins en undir þann flokk falla eignir þar sem unnið er að slitum á félagi án þess að um eiginlega starfsemi sé að ræða eða þegar félagið hefur verið tæmt. Rekstrarfélög eru þau félög sem hafa starfsemi á Íslandi og eru að einhverju eða að fullu leyti í samkeppni á íslenskum markaði. Þessi félög eru 9 talsins en vert er að geta þess að eignarhlutur fjármálafyrirtækja í þessum flokki er að meðaltali 42%. Upphaf fjárfestingarþáttöku fjármálafyrirtækjanna í þremur félögum átti sér stað eftir mitt ár 2013 og hafa þau félög því verið á fresti í um hálf tölva ára eða minna. Félög sem flokkast undir að vera sjóðir eru tvö en þeir hafa afmarkaðan líftíma og voru stofnaðir áður en 12 mánaða takmarkandi ákvæði var sett í lög um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið mun áfram stuðla að því að koma félögum í óskyldri starfsemi úr eignarhaldi eða virkum yfirráðum fjármálafyrirtækja með því að veita hæfilega fresti til að selja þau fyrirtæki sem eru í söluhæfu ástandi. Geti fjármálafyrirtæki ekki staðið við gefna fresti og ekki liggja fyrir fullnægjandi rök, að mati Fjármálaeftirlitsins, fyrir veitingu viðbótarfrests mun eftirlitið beita dagsektum og/eða stjórnvaldssektum, til að knýja á um aðgerðir. Fjármálaeftirlitið hefur í nokkrum tilvikum tilkynnt fjármálafyrirtækjum um fyrirhugaðar dagsektir eða höfnun frekari beiðna um fresti. Í þeim tilvikum hafa viðkomandi fjármálafyrirtæki þó lagt fram viðbótar upplýsingar og gögn sem réttlætt hafa viðbótarfresti. Þá má jafnframt geta þess að ágreiningur fyrir dómstólum hefur og getur tafið úrvinnslu eða lok á tímabundinni starfsemi fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitið veitir hvorki upplýsingar um hve langir frestir hafa verið veittir fyrir hvert félag né hvaða félög hafa fengið samþykki eftirlitsins fyrir auknum fresti. Slíkar upplýsingar eru til þess fallnar að skaða þann markað sem fyrirtækin starfa á. Þá mun Fjármálaeftirlitið heldur ekki veita upplýsingar um hvaða félög hafa ekki fengið framlengdan frest vegna sömu ástæðu og nefnd er hér að framan. Í meðförum



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþings voru gerðar breytingar á frumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 75/2010. Meirihluti viðskiptanefndar Alþingis rökstuddi meðal annars breytingartillögu sína varðandi 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki með eftirfarandi hætti: *Með því að setja inn ákveðin takmörk á því hversu lengi fjármálafyrirtæki verði heimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem starfsleyfi nær til getur verið hætt á að verðmæti eignar rýrni. Tímamarkið eykur líkur á að fjárfestar bíði eftir síðasta söludegi eignar til að fá hana á sem lægstu verði. Meirihlutinn leggur til að Fjármálaeftirlitið birti ekki opinberlega lengd tímafrests sem veitur er umfram 12 mánuði til að koma í veg fyrir að fjárfestar bíði fram til loka hans í þeirri von að eignin fái fyrir lítið.*